

**Nd.**

## **57. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt.

(Lagt fyrir Alþingi á 60. löggjafarþingi, 1942.)

1. gr.

Í stað 2. gr., 3. gr. og 4. gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:  
Fjármálaráðuneytið skal með reglugerð ákveða stærð, þunga og málmblöndu skiptimyntarinnar.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

### Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að örðugt sé að fá slegna málm-skiptimynt með málmblöndu þeirri, sem ákveðin er í 3. gr. laga nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, en notkun skiptimyntarinnar sé mjög mikil nú, og aðkallandi þörf sé fyrir sláttu nýrra birgða af skiptimynt. Eins og sakir standa muni óráðlegt að lögbinda hlutföll málmtegundanna í myntinni, með því að fyrirvaralaust kunni að þurfa að draga úr notkun sumra málmtegundanna.

Til þess að ekki þurfi að leita lagabreytingar í hvert sinn, sem breyting þarf að verða á málmblöndunni í skiptimyntinni telur ráðherrann ráðlegt að fela fjármálaráðuneytinu að ákveða með reglugerð stærð, þunga og málmblöndu skiptimyntar.

Með því að ég tel brýna nauðsyn að tefja ekki mótun nýrra birgða af skiptimynt og að heppilegast sé, að stærð, þungi og málmblöndun hennar verði ákveðin með reglugerð, útgefinni af fjármálaráðuneytinu, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað 2. gr., 3. gr. og 4. gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:  
Fjármálaráðuneytið skal með reglugerð ákveða stærð, þunga og málmblöndu skiptimyntarinnar.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jakob Möller.